

Bótox í þvagblöðru

Bótox er gefið í þvagblöðru vegna ofvirkrar þvagblöðru og bráðþvagleka. Meðferðin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut.

Undirbúningur

- Fara þarf í sturtu heima og klæðast hreinum fötum eftir sturtuna.
- Ekki þarf að fasta fyrir meðferðina.
- Ef þörf er á deyfingu er þvagleggur settur inn í þvagrás við komu á deild og deyfingu sprautað í þvagblöðru 30 mínútum fyrir meðferð.

Meðferð

Þvagrásaropið er þvegið og deyft með geli. Farið er með speglunartæki inn í þvagrásina og upp í þvagblöðru. Bótoxi er sprautað í blöðruvegginn í gegnum speglunartækið. Meðferðin tekur um 20 mínútur.

Eftir meðferð

Sviði getur fylgt fyrstu þvaglátum. Einnig getur þvag verið blóðlitað fyrstu dagana á eftir. Ef verkir eru til staðar má taka verkjalyf sem fást án lyfseðils í apóteki, samkvæmt leiðbeiningum á fylgiseðli lyfs.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A ef vart verður við eftirfarandi einkenni:

- Þvagtrengða
- Hiti, illa lyktandi þvag eða verkir sem geta verið einkenni þvagfærasýkingar

Utan dagvinnutíma er leitað á bráðamóttöku

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut, opin virka daga kl. 8:00-16:00 543 7100

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.